


Greinagerð með ársreikningi KSÍ 2024

Rekstrartekjur KSÍ


Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2024 voru rúmlega 2 milljarðar kr. sem er 0,4% frá áætlun ársins.



Helstu liðir í rekstrartekjum KSÍ:

Styrkir og framlög (60,2% af tekjum KSÍ)

Styrkir og framlög ársins 2024 voru 1.217.254.769 kr.



- Framlög UEFA árið 2024 voru rúmar 689 m. kr. en inni í þeirri upphæð eru til dæmis greiðslur vegna reksturs, framlög til landsliða, framlög vegna Þjóðadeildar, innleiðingar ýmissa gæðastaðla (góðir stjórnunarhættir, dómarasáttmáli UEFA, þjálfarasáttmáli UEFA, styrkir vegna einstakra verkefna og endurgreiðsla vegna uppihalds erlendra dómara á Íslandi, svo eitthvað sé nefnt).
- Framlög frá FIFA voru rúmar 264 m.kr. á síðasta ári. Inni í þeirri upphæð eru sérstakir styrkir einungis til notkunar á vísinda- og þróunarviði KSÍ (Technical Development Scheme).
- Ýmsir styrkir námu rúmum 192 m.kr., en á bak við þessi framlög eru m.a. samningar við innlenda samstarfsaðila og PUMA.
- Árið 2024 fékk KSÍ rúma 51 m. kr. í útbreiðslustyrk, ríkisstyrk og Lottótekjur.
- Þá fékk KSÍ rúmar 20 m.kr. 2024 frá Íslenskum getraunum.
- KSÍ sótti um styrk úr afrekssjóð ÍSí árið 2024 og fékk höfnun á sinni umsókn. KSÍ var eina sársambandið sem fékk ekki styrk þrátt fyrir að standa fyrir öflugum afrekstarfi.

Tekjur af landsleikjum (7,6% af tekjum KSÍ)

Tekjur af landsleikjum eru tilkomnar vegna miðasölu á heimaleikjum landsliða Íslands (A karla, A kvenna og U21 karla) og tekjum vegna landsleikja erlendis, þær námu rúmlega 154 m.kr. árið 2024. Hlutfall þessara tekna af heildartekjum sambandsins er óbreytt frá fyrra ári. Það eru hins vegar tækifæri til að auka þennan tekjupátt með aukinni aðsókn samhliða betri aðstæðum á Laugardalsvelli og sem bestum árangri hverju sinni.

Árið 2023 var gerð tilraun með breytingar á fyrirkomulagi miðasölu landsleikja á Laugardalsvelli, með það markmið að fjölga verðflokkum, endurspegla verðmæti leikja betur (m.a. miðað við stöðu mótherja á heimslista, til dæmis var miðaverð á leik gegn Portúgal hærra en miðaverð gegn Þjóð sem er neðarlega á heimslista, og miðað við mikilvægi leiks) og gefa kost á ódýrari miðum en áður. Það er álit KSÍ að halda þurfi áfram á sömu braut árið 2025 eins og síðustu tvö ár.

Sjónvarpsréttur (22,2% af tekjum KSÍ)

Markaðsréttindi, sem að stórum hluta til er sjónvarpsréttur, eru 22,2% af heildartekjum KSÍ. KSÍ hefur um árabil framselt markaðsréttindi A landsliðs karla til UEFA þar sem þau eru seld heildstætt, sem hluti af mun stærri pakka (UEFA Centralization of Rights). Þetta fyrirkomulag tryggir KSÍ fyrirfram talsverðar tekjur þar sem UEFA skuldbindur sig til að greiða ákveðna lágmarksupphæð. Núverandi samningur við UEFA gildir frá júlí 2022 til júní 2028. UEFA greiðir KSÍ 17 milljónir evra fyrir tímabilið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.á.m. að KSÍ er skuldbundið til að leika 10 leiki á ári á því tímabili. Þegar um landsleiki erlendis (vináttuleiki) er að ræða ber KSÍ enn fremur í sumum tilfellum ábyrgð á því að viðkomandi leikur sé framleiddur fyrir sjónvarp með þeim kostnaði sem því fylgir.

Alls voru tekjur af sölu markaðsréttar KSÍ árið 2024 449 m.kr., þar af voru tekjur vegna A landsliðs karla 427 m.kr. eða 95% af tekjunum.

Aðrar rekstrartekjur (6,0% af tekjum KSÍ)


Aðrar tekjur voru 121 m.kr. árið 2024. Árlega falla hér undir greiðslur vegna fræðslumála (til dæmis námskeiðsgjöld), mótamála (til dæmis greiðslur félaga vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara og þátttökugjöld), erlendra leyfisgreiðslna og vegna viðburða og húsaleigu.

Rekstrartekjur Laugardalsvallar (4,0% af tekjum KSÍ)


Þá voru rekstrartekjur Laugardalsvallar um 80 m.kr. Árlega eru helstu tekjur Laugardalsvallar rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg, vallarleiga, tekjur vegna veitingasölu og loks aðrir viðburðir (til dæmis bókamarkaður).

Rekstrargjöld KSÍ

Rekstrargjöld ársins 2024 voru tæpar 1.968 milljónir kr., eða 1,5% yfir áætlun.



Hér má sjá á myndrænan hátt kostnaðarskiptingu ársins 2024:



Kostnaður við landslið (47,4% af gjöldum KSÍ).

Heildarkostnaður landsliða árið 2024 var 933 m.kr. eða 11 m.kr. undir áætlun. Í einhverjum tilfellum komu tekjur á móti.

	Raun 2024	Áætlun 2024	Raun 2023
A-landslið karla	342.105.213	334.384.840	377.512.423
U-21 landslið karla	69.494.768	81.670.483	72.801.979
U-19 landslið karla	37.470.023	46.499.099	54.604.709
U-17 landslið karla	55.884.032	39.198.499	39.199.858
A-landslið kvenna	241.926.548	230.977.195	239.824.738
U-23 landslið kvenna	4.543.937	22.620.000	14.868.356
U-19 landslið kvenna	38.684.310	39.657.670	59.057.584
U-17 landslið kvenna	44.081.476	41.937.670	41.351.141
*TDS - vísinda og þróunarsvið	30.868.213	34.391.000	0
**Hæfileikamótun	28.626.801	33.780.058	37.516.702
***Sameiginlegur landsliðskostnaður	39.918.559	39.493.480	44.378.249
	933.603.880	944.609.994	981.115.739

Árangurstengd frávik:

- Árangurstengdar greiðslur til A kvenna voru tæplega 5 m.kr. yfir áætlun.

Önnur frávik landsliða:

- TDS kostnaður var áætlaður bæði tekju- og gjaldamegin í 34 m.kr. en þar af lagðar út 31 m.kr.
- Tekin var ákvörðun á árinu um að hætta við verkefni U23 kvenna, U21 karla og U19 karla. Það þýddi fækkun um 6 landsleiki á árinu.
- UEFA riðill var haldinn hér á landi í undankeppni U17 karla í október/nóvember 2024. Það er áskorun fyrir KSÍ að halda þessa riðla heima, bæði út af veðurfari og svo vegna hótélkostnaðar hér á landi. Kostnaður við mótið var 48 m.kr. en 24 m.kr. styrkur frá UEFA kom á móti. Þessi umframkostnaður var ekki í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.
- Hæfileikamótun var án þjálfara hálf árið vegna ákvörðunar um að fresta ráðningu fram á haust.

**TDS er sérstakur styrkur frá FIFA til að efla framþróun í landsliðum, sérstaklega á sviði þróunar og vísinda.*

***Landslið Íslands í aldursflokkum karla og kvenna yngri en 15 ára eru einnig undir hæfileikamótun KSÍ.*


****Það sem flokkast undir sameiginlegan landsliðskostnað er allt sem snýr að tölvubúnaði fyrir landsliðin, þvotti, fræðslu og öðrum búnaði sem landsliðin deila sín á milli.*

Þróun landsleikjafjölda KSÍ yfir tímabilið 2018-2024

Ár	A kvenna	A karla	U23 kvenna	U21 karla	U19 kvenna	U19 karla	U18 kvenna
2018	10	15	0	9	11	5	0
2019	12	12	0	9	13	5	0
2020	8	10	0	5	3	0	0
2021	9	13	0	8	3	6	0
2022	13	14	1	8	8	10	2
2023	13	12	4	7	16	12	1
2024	12	12	2	6	10	6	0

Ár	U18 karla	U17 kvenna	U17 karla	U16 kvenna	U16 karla	U15 kvenna	U15 karla	Samtals
2018	2	8	11	7	7	0	4	89
2019	2	8	14	7	6	3	3	94
2020	0	2	4	0	0	0	0	32
2021	0	3	5	3	0	0	2	52
2022	0	6	6	8	3	5	5	89
2023	0	8	9	6	3	5	5	101
2024	0	6	8	6	3	3	3	77

*Leikjafjöldi allra landsliða 2018-2024 með leikjum á lokamóti (grámerkt). 2020-21 eru áhrif frá Covid.



Mótakostnaður (14,6% af gjöldum KSÍ).

Kostnaður við mótahald KSÍ var áætlaður rúmar 287 m.kr. árið 2024 sem raungerðist.

Undanfarin ár hefur leikjum í mótum fjölgað jafnt og þétt. Á árinu 2024 voru leiknir 6.396 KSÍ leikir (Íslandsmót, meistarakeppni, bikarkeppni, deildarbikar, landsleikir). Leikirnir hafa aldrei verið fleiri og um er að ræða verulega aukningu, sem þýðir aukinn kostnað vegna fjölgunar verkefna í niðurröðun leikja og dómgæslu ásamt ýmsum afleiddum verkefnum hjá KSÍ, og ekki síður hjá félögunum sjálfum. Alls tóku 799 keppnislið aðildarfélaga þátt í mótum á vegum KSÍ á árinu sem leið: 524 lið karla og 275 lið kvenna.

Heildardómarakostnaður KSÍ á árinu 2024 var 242 m.kr. Þess ber að geta að inni í þessari tölu eru til dæmis ekki laun starfsmanna dómaramála á skrifstofu KSÍ né annar skrifstofukostnaður tengdur umsýslu dómaramála. Af heildarkostnaði við dómara greiddu aðildarfélög KSÍ 10,7 m.kr., eða 4% af kostnaði. Þessi tala hækkaði um 3,4 m.kr. á milli ára á meðan hækkun dómara launa var 27 m.kr. UEFA greiðir árlega 100 þúsund evrur til KSÍ vegna dómaramála í gegnum UEFA HatTrick styrkjakerfið. Til þess að hljóta fulla greiðslu þarf KSÍ að standast þá gæðastaðla sem koma fram í dómarasáttmála UEFA (UEFA Referee Convention). Í dómarasáttmálanum eru ýmsar kröfur útlistaðar, og snúa meðal annars að skipan og skyldum dómaranefndar og skipulagi dómaramála almennt, launuðum starfsmönnum dómaramála og þeirra verkefnum, menntun og þjálfun dómara og starfsmanna dómaramála, og að sá búnaður sem dómarar noti standist gæðakröfur.

Árið 2024 toppaði fjöldi í mönnun dómarastarfa á KSÍ leiki. Árið 2023 var metár með 5.305 dómarastörf, en árið 2024 fóru þau í 5.388 störf.

Dómarakostnaður	2024	2023	2022	2021
Dómaralaun og launatengd gjöld	189.526.90	180.721.452	162.328.010	143.897.586
Flug, hótél og bílaleigubílar dómara	27.549.286	22.105.483	19.467.292	16.723.493
Annar dómarakostnaður	25.121.841	12.644.191	18.185.586	15.545.941
	242.198.03	215.471.126	199.980.888	176.167.020

Fræðslukostnaður (4,0% af gjöldum KSÍ).

Kostnaður við fræðslumál var 77,8 m.kr. eða 6,6 m.kr. yfir áætlun. Hærri tekjur komu á móti þessum aukna kostnaði. Inni í fræðslukostnaði eru meðal annars laun og verktakagreiðslur kennara, landshlutaverkefnið “Komdu í fótbolta með Mola”, grasrótastarf og samfélagsleg verkefni.

Skrifstofu og rekstrarkostnaður (22,8% af gjöldum KSÍ).

Skrifstofu- og rekstrarkostnaður var áætlaður tæpar 435 m.kr. en niðurstaða ársins var 448 m.kr.

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	Raun 2024	Áætlun 2024	Breyting
Laun og launatengd gjöld	325.953.477	333.383.158	-7.429.681
Annar starfsmannakostnaður	7.405.182	6.500.000	905.182
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng	7.126.436	7.910.000	-783.564
Rekstrarkostnaður tölva og tækja	38.196.197	25.000.000	13.196.197
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	16.570.289	20.100.000	-3.529.711
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis	23.148.846	20.000.000	3.148.846
Árþing	13.451.563	12.000.000	1.451.563
Styrkir, framlög og gjafir	5.095.677	5.000.000	95.677
Árgjald UEFA og FIFA	122.812	80.000	42.812
Annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður	7.404.049	5.000.000	2.404.049
Varúðarniðurfærsla krafna, breyting	4.002.495	0	4.002.495
	448.477.023	434.973.158	13.503.865

Stærstu frávikin í þessum lið er kostnaður við rekstur tölvukerfa. KSÍ fór í nýtt bókhalds- og launakerfi á árinu og stefnir að því að fara í nýtt mótakerfi og opna nýja heimasíðu á næstunni. Laun og annar starfsmannakostnaður er 6,5 m.kr. undir áætlun ársins. Fundarkostnaður fór 3 m.kr. fram úr áætlun, kostnaður við árþing KSÍ fór 1,5 m.kr. fram úr áætlun. Varúðarniðurfærsla ógreiddra krafna var færð niður um 4 m.kr.

Rekstrarkostnaður Laugardalsvallar (6,6% af gjöldum KSÍ).

Rekstrarkostnaður Laugardalsvallar var 130 m.kr. og fór 5 m.kr. yfir áætlun árið 2024. Laugardalsvöllur er búinn að vera rekinn með tapi í mörg ár. Áhrif hans í samstæðureikningi KSÍ eru 50 m.kr. tap.

Kostnaður við öryggisgæslu fór 6 m.kr. yfir áætlun. Rafmagnskostnaðurinn fór 2 m.kr. yfir áætlun. Nú eru tvö ár síðan Veitur settu Laugardalsvöll í hærri verðflokk og bættu við nýju aflgjaldi. Árið 2021 var Laugardalsvöllur að greiða 9,4 m.kr. í rafmagn á meðan að rafmagnskostnaðurinn í ár var tæpar 14 m.kr. Raforkumálin eru í skoðun á Laugardalsvelli samhliða endurskoðun á rekstrarsamningi við Reykjavíkurborg vegna endurbóta á vellinum. Samtal KSÍ og Reykjavíkurborgar er nú þegar hafið og þarf nýr þjónustu- og rekstrarsamningur að endurspegla breytt fyrirkomulag á Laugardalsvelli með nýjum upphituðum velli. Framkvæmdir hófust í september 2024 og ef áætlanir ganga eftir verður fyrsti leikurinn á Laugardalsvelli í júní n.k.

Framlög til aðildarfélaga


Alls var 96,8 m.kr. úthlutað til aðildarfélaga en áætlun gerði ráð fyrir 96,4 m.kr. Að auki bættist við 26,8 m.kr. úr Mannvirkjasjóði vegna ákvörðunar stjórnar um að framlengja sjóðinn um eitt ár. KSÍ greiddi 34,5 m.kr. til aðildarfélaga (annarra en þeirra sem léku í Bestu deild karla) vegna þróunarstarfs barna- og unglinga. Félögin í Bestu deild karla fengu sérstakt framlag frá UEFA vegna þróunarstarfs barna og unglinga í knattspyrnu (Club Youth Development) að fjárhæð 149 m.kr. Þá fengu átta félög í Bestu deild kvenna (sem tóku ekki þátt í Evrópukeppni) einnig framlag frá UEFA, að fjárhæð 14 m.kr. Þess utan greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 20,5 m.kr. og ferðapáttökugjald, verðlaunafé og sjónvarpsgreiðslur vegna Mjólkurbikars, að fjárhæð 41,8 m.kr.

Sundurliðun á tekjum og gjöldum vegna Mjólkurbikars karla og kvenna 2024:

Mjólkurbikar 2024 Markaðstekjur	
Nafnaréttur	3.500.000
Media Rúv	2.772.000
Markaðsréttindi Rúv	1.628.000
Streymi	18.034.650
Data	3.504.000
	<hr/>
	29.438.650
Mjólkurbikar 2024 Kostnaður	
Dómaralaun	-12.528.477
Ferða- og upphaldskostn. Dómara	-5.730.021
Annar kostnaður við bikarkeppni	-9.845.280
	<hr/>
	-28.103.778
Mjólkurbikar 2024 greiðslur til félaga	
Mjólkurbikar sjónvarpsframlög ka og kv	-10.000.000
Verðlaunafé greitt af KSÍ	-6.900.000
	<hr/>
	-16.900.000
Tap á Mjólkurbikarkeppni 2024	
Tap á Mjólkurbikar 2024	-15.565.128

Framlög til aðildarfélaga	2024	2023	2022	2021
Verðlaunafé	18.900.000	18.900.000	28.900.000	9.800.000
Ferðapátttökugjöld	21.905.800	20.339.000	18.526.115	28.344.049
Greiðslur v. leyfiskerfis	20.550.000	20.550.000	41.100.000	41.100.000
Greiðslur úr mannvirkjasjóði	26.797.034	40.395.568	25.984.179	24.950.000
Barna- og unglíngastyrkur KSÍ	34.530.000	47.467.500	58.175.000	56.200.000
Annað, Covid, Futsal, Spiideo	966.000	1.306.001	6.726.590	8.029.320
	123.650.858	148.960.092	179.413.906	168.425.390
Dómarakostnaður	242.198.032	215.471.126	199.980.888	176.167.020
Samtals	365.848.890	364.431.218	379.394.794	344.592.410
Innheimt þátttökugjöld	-28.965.000	-24.405.000	-16.175.000	-1.000.000

Að auki má nefna að KSÍ tók árið 2008 þá ákvörðun að létta tímabundið álögum á aðildarfélögum KSÍ með því að taka yfir allan ferða- og upphaldskostnað dómara, þrátt fyrir ákvæði í reglugerð KSÍ um að aðildarfélög greiði ferða- og upphaldskostnað dómara. Hér að neðan má sjá framlög til aðildarfélaga og þróun á þeim dómarakostnaði sem KSÍ ber vegna leikja meistaraflokka karla og kvenna á Íslandsmóti og í bikarkeppni.



Samantekt

Rekstrarniðurstaða Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2024 eftir greiðslur til aðildarfélaga er því hagnaður sem nemur 14.944.353 kr. Ef sú niðurstaða er sett í samhengi við síðustu ár, þá má sjá tengsl milli afkomu KSÍ og greiðslna frá UEFA vegna Þjóðadeildar karla, en þær greiðslur koma á sléttum árum. UEFA og FIFA gera upp í fjögurra ára lotum og tekur UEFA skýrt fram að réttara sé að skoða rekstur samtakanna yfir þau ár, en ekki hvert og eitt ár fyrir sig. Í því samhengi má nefna að þegar horft er til lengri tíma má sjá að samtals er hagnaður Knattspyrnusambands Íslands 20.624.040 kr. árin 2021-2024.

